

L Ö G**um lækun lögbundinna framlaga á fjárlögum.****FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Þrátt fyrir ákvæði í sérstökum lögum um tiltekin framlög á fjárlögum er heimilt að lækka slík framlög á fjárlögum áranna 1976 og 1977 um allt að fimm af hundraði (5%).

2. gr.

Ákvæði 1. gr. taka ekki til framlaga vegna slysa-, lífeyris- og sjúkratrygginga og ekki til hreinna markaðra tekjustofna í gjaldahlið, þ.e. tekjustofna sem koma fram án móttframlags af nokkru tagi í gjaldahlið fjárlaga.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum 31. desember 1975.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthias Á. Mathiesen.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 68 15. júní 1971, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 7/1972, lög nr. 60/1973, lög nr. 10/1974 og lög nr. 11/1975.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði er orðist svo:

Ákvæði til bráðabirgða.

Við eignarskattsálagningu fyrir skattárið 1975 skal verðmæti fasteigna til eignarskatts reiknað á 2,7-földu gildandi fasteignamatsverði, þrátt fyrir ákvæði A-liðar

22. gr. laga nr. 68/1971. Ákvæði þessi hafa eigi áhrif á heildarfyrningarverð fasteigna, sbr. lokamálsgrein B-liðar 15. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 3. gr. laga nr. 60/1973.

Fjárhæðir í skattstiga í 1. tl. 26. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 12. gr. laga nr. 7/1972. hækki þannig að af fyrstu 2 000 000 kr. skattgjaldseign greiðist enginn skattur, af næstu 1 500 00 kr. skattgjaldseign greiðist 0,6% og af þeirri skattgjaldseign, sem þar er fram yfir, greiðist 1%.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda við álagningu eignarskatts gjaldárið 1976.

Gjört að Bessastöðum 31. desember 1975.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthías Á. Mathiesen.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 5 28. febr. 1975, um ráðstafanir vegna
snjóflóða í Norðfirði og fjáröflun til Viðlagasjóðs.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 5. gr. laganna bætist ný málsgrein, er verður 4. málsgrein svohljóðandi:

Á árinu 1976 er Viðlagasjóði heimilt að verja allt að 200 milljónum króna af eign sinni til að standa að fullu við skuldbindingar sínar vegna snjóflóða í Norðfirði 20. desember 1974.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum 31. desember 1975.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Geir Hallgrímsson.